

**Mál nr. 148/2015**  
**M og**  
**V v. notkunar óþekkts ökutækis**

**Hjólreiðamaður féll og slasaðist þ. 18.9.2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 15.4.2015 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 4.5.2013 ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

M segist hafa verið að hjóla þegar óþekkt bifreið stöðvaði skyndilega fyrir framan hann og til að lenda ekki á henni hafi hann hjólað á milli hennar og kants, með þeim afleiðingum að hann féll af hjólinu og slasaðist. Hjólreiðarmaður sem hjólaði með M í umrætt sinn segir að M hafi hjólað fyrir aftan sig austur Ægissíðu þegar bifreið fyrir framan þá var skyndilega hemlað og hafi hann sjálfur hemlað en séð að M fór í loftköstum framhjá sér og telur líklegt að M hafi hjólað utan í kant. Vitni sem sá óhappið úr fjarska segist hafa séð M fara snöggan kollhnís á mikilli ferð. M krefst bóta úr frá V á þeim grundvelli að tjón hans sé rakið til notkunar hinnar óþekktu bifreiðar skv. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem henni hafi verið hemlað skyndilega og fyrirvaralaust. V hafnar bótaskyldu og vísar til reglna um sönnun og orsakatengsl. Þá bendir V á að miðað við staðhætti þá þurfi ekkert að vera óeðlilegt við það að hinu óþekktu ökutæki hafi verið hemlað þarna. Þá telur V að óhappið verði eingöngu rakið til hegðunar M sem hafi hjólað á miklum hraða.

**Álit.**

Skv. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í tækinu eða ógætni ökumanns. Tjónþola, í þessu tilviki M, ber að sanna að tjón hans verði rakið til notkunar hinnar óþekktu bifreiðar sem vísað er til í lýsingu hjólreiðamannsins sem hjólaði á undan M í umrætt sinn. Samkvæmt lýsingu á atvikum þá hemlaði bifreið og hjólreiðamaðurinn sem ók á eftir henni náði að hemla en M sem ók á eftir þeim hjólreiðamanni kom þá samkvæmt lýsingu í loftköstum framhjá hjólreiðamanninum sem ók á undan. Ekki liggur fyrir hvað nákvæmlega orsakaði það að M missti stjórn á hjólinu með áðurgreindum afleiðingum. Að þessu virtu og öðrum gögnum málsins telst ekki nægjanlega sannað að umferðaróhapp M stafi af notkun óþekktu ökutækisins. M á því ekki rétt á bótum hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum hjá V.

Reykjavík 13.5.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.